

Starfsreglur kjörstjórnar FF samþykktar af fulltrúafundi FF 12. mars 2010

Í lögum FF segir um kjörstjórn

11. gr. Kjörstjórn

Á aðalfundi félagsins skal kjósa þriggja manna kjörstjórn og tvo til vara. Hún stýrir allsherjaratkvæðagreiðslu um stjórnarkjör og öðrum kosningum sem ekki heyra undir kjörstjórn Kennarasambands Íslands sbr. 14. gr. laga þess. Fulltrúafundur setur reglur um störf kjörstjórnar og framkvæmd atkvæðagreiðslu.

Starfsreglur kjörstjórnar FF

1. Kjörstjórn starfar á milli aðalfunda FF og skiptir með sér verkefnum.
2. Kjörstjórn heldur gjörðabók sem er varðveitt á skrifstofu FF í Kennarahúsinu.
3. Stjórn FF boðar kjörstjórn og uppstillingarnefnd til sameiginlegs fundar þegar uppstillingarnefnd hefur störf til undirbúnings framboðum.
4. Stjórn FF boðar kjörstjórn til starfa þegar uppstillingarnefnd hefur skilað tillögum um framboð til trúnaðarstarfa á vegum FF.
5. Uppstillingarnefnd afhendir kjörstjórn afrit af skriflegu samþykki þeirra sem bjóða sig fram til trúnaðarstarfa á vegum FF.
6. Frambjóðandi til trúnaðarstarfa má ekki eiga sæti í kjörstjórn.
7. Formaður FF sér um að kjörstjórn fái viðeigandi aðstoð og þjónustu í Kennarahúsinu vegna verkefna hennar, s.s. vegna undirbúnings fyrir atkvæðagreiðslu og fleira.
8. Kjörstjórn undirbýr og stjórnar öllum kosningum til trúnaðarstarfa á vegum FF sem kveðið er á um í lögum FF. Stjórn FF getur leitað til kjörstjórnar um að hafa umsjón með kosningum um fleiri mál en þeirra sem kveðið er á um í lögum FF og þeirra sem ekki eru á hendi kjörstjórnar KÍ.
9. Kjörstjórn setur reglur um undirbúning og framkvæmd skriflegra kosninga þegar þær eru notaðar. Vegna skriflegra kosninga er kjörstjórn heimilt að senda kjörseðla og önnur kjörgögn til trúnaðarmanna félagsins á hverjum stað, fela þeim að dreifa kjörseðlum til félagsmanna á sínum vinnustað og sjá um að safna þeim saman og skila þeim á skrifstofu félagsins.
10. Þegar um er að ræða skriflegar kosningar eru kjörgögn geymd í læstum kjörkassa sem formaður kjörstjórnar hefur lykil að. Kjörstjórn varðveitir skrifleg kjörgögn í eitt ár. Kjörgögn skulu varðveitt á skrifstofu FF í Kennarahúsinu.
11. Kjörstjórn úrskurðar um ágreining um framkvæmd kosninga eftir að hafa fengið álit óvilhalls faglegs aðila á vegum KÍ. Kjörstjórn gerir stjórn FF skriflega grein fyrir málum af þessu tagi hverju sinni.

